

Nd.

## 16. Frumvarp til laga

[16. mál]

um breyting á lögum nr. 81 1967, um breyting á sveitarstjórnarlögum, nr. 58 1961.

Flm.: Benedikt Gröndal.

### 1. gr.

Í stað orðanna „Kosningarrétt til sveitarstjórna hafa allir, sem: a. eru 20 ára að aldri“ í 1. gr. laganna komi: Kosningarrétt til sveitarstjórna hafa allir, sem: a. eru 18 ára að aldri.

### 2. gr.

Lög þessi öðlast þegar gildi.

### Greinargerð.

Kosningarréttur við kosningar til Alþingis er ákveðinn í 33. gr. stjórnarskrárinnar. Kosningarréttur til sveitarstjórna er ákveðinn í 18. gr. sveitarstjórnarlaga.

Af þessu leiðir, að kosningarrétti við alþingiskosningar verður ekki breytt nema með stjórnarskrárbreytingu, en kosningarrétti til sveitarstjórna má breyta með einfaldri lagasetningu.

Frumvarp þetta felur í sér þá breytingu á sveitarstjórnarlögum, að kosningarréttur til sveitarstjórna verði lækkaður í 18 ár. Gæti það komið til framkvæmda þegar í sveitarstjórnakosningum 1978, ef þetta þing vill.

Kosningarréttur hefur verið lækkaður í 18 ár í fjölmörgum löndum, og er þegar fengin af því veruleg reynsla. Hefur hvarvetna komið í ljós, að hrakspár um þá breytingu hafa ekki reynst á rökum reistar og unga fólkið hefur verið maklegt þess trausts, sem því var sýnt með þessum auknu réttindum.

Alþýðuflokkurinn hefur frá stofnun sinni lagt ríka áherslu á baráttu fyrir auknum mannréttindum. Á fyrstu árum sínum hóf flokkurinn baráttu fyrir lækkuðum kosningarréttar úr 35 og 25 árum í 21 ár, svo og að fá afnumda þá svivirðu, að fólk missti kosningarrétt ef það neyddist til að leita til sveitar.

Þegar Alþýðuflokkurinn endurskoðaði stefnuskrá sína 1963, tók flokkurinn upp baráttu fyrir 18 ára kosningarrétti. Árið 1965 fluttu þingmenn flokksins tillögu þess efnis á Alþingi, og var þá ákveðið að láta sérstaka nefnd athuga málið. Náðist þar samkomulag um að lækka kosningaaldurinn úr 21 í 20 ár, og var stjórnarskrárbreyting þess efnis samþykkt á 87. og 88. löggjafarþingi með kosningum á milli. Breytingin tók gildi vorið 1968, og þá var sveitarstjórnarlögum breytt til samræmis.

Þingmenn Alþýðuflokksins tóku málið upp á nýjan leik 1974 og hafa flutt það stöðugt síðan. Að þessu sinni er aðeins gerð tillaga um breytingu á sveitarstjórnarlögum, sökum þess að það má gera með einfaldri breytingu á lögum fyrir kosningar 1978, en stjórnarskrárbreyting tekur lengri tíma.

Segja má, að ekki sé eðlilegt að hafa mismunandi kosningarrétt til alþingiskosninga og sveitarstjórnarkosninga. Þó má líta á þá breytingu, sem þetta frv. fjallar um, sem áfanga og gera ráð fyrir að sams konar breyting varðandi alþingiskosningar komi óhjákvæmilega á eftir.

Ekki er síður ástæða til að sýna Íslenskri æsku það traust að lækka kosningaaldurinn í 18 ár en erlendri. Íslensk ungmenni eru yfirleitt virkari þátttakendur í atvinnulífi og félagsmálum þjóðar sinnar og er iðulega gert að axla meiri ábyrgð og skyldur en tíðkast meðal annarra þjóða. Með tilliti til góðrar reynslu margra nágrannaþjóða verður því að telja, að tímabært sé að sýna unga fólkinu það traust að stíga hiklaust sporið til 18 ára kosningarréttar.